| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | |
|---|---|---|
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | | |
| Höfundur: GLÁ | Rafmagnsfræði og mælingar<br>RAM303<br>Kennsluáætlun haustönn 2010 | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 1 af 3 | | |

| Kennari | Þórhallur Ragnarsson | Sk.st. | ÞHR |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í útreikningum og mælingum á riðstaumsviðnámi spólu og þéttis, samviðnámi (Z) samsettra RLC-rása, fasviki og fasviksbreytingum riðstraumsmerkja í RLC-rásum við mismunandi tíðnir. Nota skal hermiforrit til glöggvunar á mælingum. Kynnt eru grundvallaratriði varðandi hljómburð, hljóðtækni og lýsingartækni. Útreikningar eru gerðir á ýmsum síum og fjallað um desibelútreikninga og notagildi þeirra. Farið er í heiti, merkingar, teiknitákn, virkni og notkunarmöguleika viðnáma, umhverfisháðra viðnáma, þétta og spóla. Þá eru kynntir helstu staðlar um merkingar á þessum íhlutum.

**Áfangamarkmið:**

Nemandi...

- þekki eiginleika RC -, RL - og RLC - rása, sía og eigintíðnirása
- þekki grunnhugtök hljóðtækninnar og grunnhugtök við birtumælingar
- geti reiknað út og hannað síur með RC, RL og LRC íhlutum, eigintíðnirásir með LC íhlutum og staðfest útreikninga með mælingum
- geti búið til og nýtt sér einfalda deyfiliði
- geti reiknað og mælt verkefni sem tengjast hljóðtækni og gert skýrslur sem tengjast þeim verkefnum
- kunni skil á desibelútreikningum og skilji notagildi þeirra
- geti nýtt sér hermiforrit til aukins skilnings á virkni rása
- geti notað sveiflusjá, lág- og hátíðnimerkjagjafa, hliðræna- og stafræna fjölsviðsmæla
- þekki merkingar og teiknitákn helstu íhluta
- þekki eiginleika og virkni umhverfisháðra viðnáma

**Efnisatriði:**

Eiginleikar spólu og þéttis, RC-, RL- og RLC-rásir, eigintíðni, marktíðni, bandbreidd, síur, lághleypisía (low-pass), háhleypisía (high-pass), bandhleypisía (band-pass), bandstoppsía (band-stop), óvirkar síur, styrkútreikningar (dB, dBm), grunnhljóðtækni, hljóðnemar og hátalarar, deyfiliðir, merkingar og teiknitákn, umhverfisháð viðnám: LDR, NTC, PTC og VDR.

**Námsmat:**

Verkefnavinna og próf. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5.

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Skriflegt | Próf í lok annar | **60%** |
| Skyndipróf | (tímasetning þeirra ákveðin nánar þegar þar að kemur með hliðsjón af efnisyfirferð) | 20% |
| Frammistaða á önn | Skilaverkefni sem koma af og til, án frekari fyrirvara. | 20% |
| Annað | (*<u>nemandi þarf að standast lokaprófið</u>* (45%) til þess að | |

| | | |
|---|---|---|
| | vetrareinkunn verði metin inn í lokaeinkunn) | |

| Vika | Dags | Námsefni | Námsgögn |
|---|---|---|---|
| 33 | | Kynning - kennsluáætlun afhent og rædd | |
| 34 | | Spólur, segulsvið, þéttar og rafsvið (upprifjun) | Analog kafli 10 - 14 |
| 35 | | Riðspenna – bylgjuform og tíðni (upprifjun) | Analog kafli 11 |
| 36 | | Desibel – lógaritmakvarðar (upprifjun ?) | Analog kafli 16 |
| 37 | | Kirchoff, Thevenin og Norton. | Möskvastraumar (ljósrit) |
| 38 | | Deyfiliðir og síur - helstu gerðir. | |
| 39 | | RC – síur, | Analog kafli 16 |
| 40 | | RC-síur – framhald, diffrun og tegrun. | Analog kafli 16 |
| 41 | | Tónstillir – bassa/diskant. | Analog kafli 16 |
| 42 | | Spólur, RL-síur. | Analog kafli 17-20 |
| 43 | | RL- síur – framhald, diffrun og tegrun. | Analog kafli 17-20 |
| 44 | | LC-sveiflurásir, bandpass- og bandstopp-síur | (ljósrit) |
| 45 | | Hátalarar, hljóðnemar, merkjabreytar, VDR, NTC, PTC. | Analog kafli 22 |
| 46 | | Upprifjun og verkefnavinna úr öllu bóklegu námsefni. | (allt ! ) |
| 47 | | Upprifjun og verkefnavinna úr öllu bóklegu námsefni. | (allt ! ) |

Verklegar æfingar (mælingar) verða gerðar samhliða bóklegri yfirferð.

| Tegund | Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum) |
|---|---|
| Bækur | *Analog - Hliðræn tækni I* (Egon Rasmussen)<br>*Íhlutir*, samantekt eftir Þórhall Ragnarsson, útg. VMA, (skrifstofa VMA), |
| Ljósrit (afhent) | Tímadæmi, ítarefni og verkefni eftir því sem kennari sjá ástæðu til. |
| Verklegar æfingar | Ljósrit afhent í mælingatímum. |
| Annað (t.d. ítarefni) | Í kennslustundum verður að jafnaði notaður töfluskanni MimioXi sem skráir það sem ritað er á töfluna. Þessar skrár verða síðan aðgengilegar á vefsvæði kennarans **http://kennarar.vma.is/thor** Þar má stundum líka finna ýmislegt annað ítarefni og gagnlegar slóðir. Hugbúnaður til að skoða töfluskannaskrárnar fæst ókeypis á www.mimio.com |

*Réttur áskilinn til hóflegra breytinga á þessari áætlun ef þörf krefur.*

**Dagsetning: 2009.08.18**

______________________________
**Undirritun kennara**

______________________________
**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**